

Ed. **381. Breytingartillaga** [5. mál]

við frv. til laga um ábyrgðarheimildir vegna lántöku Bjargráðasjóðs.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

1. gr. orðist svo:

Fjármálaráðherra fyrir hönd rikissjóðs er heimilt að ábyrgjast með sjálfsskuldarábyrgð lán sem Bjargráðasjóður tekur, allt að 1500 millj. kr. Lánið má vera verðtryggt miðað við lánskjaravísitölu eða jafngildi 1500 millj. kr. í erlendri mynt. Ábyrgðin skal vera með þeim kjörum og skilmálum sem ráðherra ákveður og tekur hún jafnt til greiðslu afborgana, verðtryggingar, vaxta og annars kostnaðar.